**Matvælaráðuneytið**

**Borgartúni 26.**

**Efni:** Tillaga sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps að sérreglum fyrir byggðakvóta 2024/2025.

Á 39. Fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps, sem haldinn var fimmtudaginn 20. febrúar 2025, var eftirfarandi bókað undir b. lið á dagskrá fundarins.

**„ b. Byggðakvóti á fiskveiðiárinu 2024/2025“**

**„Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir fyrirliggjandi drög að sérreglum og felur sveitarstjóra að undirrita og senda til hlutaðeigandi aðila.“**

**Tillaga um sérreglu og rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu vegna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2024/2025.**

Ákvæði reglugerðar nr. 819/2024, gildi um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðarhrepps á fiskveiðiárinu 2024/2025 með eftirfarandi breytingu:

Ákvæði 1. mgr., 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlags, *eða í nærliggjandi sveitarfélögum,* á tímabilinu 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.

**Rökstuðningur:** Samkvæmt könnun/fyrirspurn þá er ekki líklegt, *þó það sé ekki útilokað,* að fiskvinnsla á Vopnafirði geti tekið á móti bolfiskafla til vinnslu yfir sumarmánuði, þar sem fiskvinnslan er sérhæfð fyrir uppsjávarfiskitegundir og verður upptekin við makríl og síld.

Vopnafirði 21. febrúar 2025.

Valdimar O. Hermannsson

Sveitarstjóri